

Föstudaginn 13. maí 1966.

Nr. 45/1966. **Sigurgeir Sigurjónsson**
 gegn
Gunnari Árnasyni, Birni Friðfinnssyni og
Hákoni Guðmundssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærð málsmeðferð héraðsdómara.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, dags. 10. marz 1966, sem Hæstarétti barst 25. s. m., kærði Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður með skírskotun til 21. gr. in fine laga nr. 57/1962 „framferði hr. fulltrúa yfirborgardómarans í Reykjavík Björns Friðfinnssonar í dómþingi bæjarþings Reykjavíkur, er haldið var þann 25. febrúar s.l. í bæjarþingsmálinu nr. 5215/1965: Sigurgeir Sigurjónsson gegn Gunnari Árnasyni o. fl.“ Gerir kærandi þær dómkröfur aðallega, að nefndur fulltrúi, Björn Friðfinnsson, en til vara yfirborgardómarinn í Reykjavík, Hákon Guðmundsson, verði sektaðir eða áminntir að mati Hæstaréttar samkvæmt nefndu lagaákvæði og þeim dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Hinn kærði dómarafulltrúi, Björn Friðfinnsson, krefst þess, að öllum kröfum Sigurgeirs Sigurjónssonar hæstaréttarlögmanns í nefndri kæru verði hafnað og hann víttur fyrir tilefnislausa kæru og kæranda dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Yfirborgardómarinn, Hákon Guðmundsson, krefst sýknu af öllum kröfum kæranda.

Með stefnu, útgefinni 8. nóvember 1965 og birtri 9. s. m., höfðaði Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur Gunnari Árnasyni f. h. Öskju h/f, Dugguvogi 3, Reykjavík, Gunnari Árnasyni forstjóra sjálfum, Vesturbrún 16, Reykjavík, og Gunnari Einarssyni forstjóra, Höfðatúni 12, Reykjavík, til óskiptrar greiðslu á kr. 600.000.00 ásamt 9% ársvöxtum af kr. 300.000.00 frá 17. ágúst 1964 til 8. september 1964 og af kr.

600.000.00 frá þeim degi til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 1.440.00 í stimpilgjald og svo málskostnaði. Hér var um að tefla skuld samkvæmt tveimur víxlum, hvorum að fjárhæð kr. 300.000.00, öðrum útgefnum 17. júní 1964 til greiðslu 17. ágúst s. á. og hinum útgefnum 8. júlí 1964 til greiðslu 8. september s. á. Útgefandi víxlanna var stefndi Gunnar Árnason, samþykkjandi Gunnar Árnason f. h. Öskju h/f og ábekingur þeirra Gunnar Einarsson. Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur hinn 11. nóvember 1965. Dómsþing var sótt af hendi stefnanda og stefnda Gunnars Einarssonar, en eigi af hendi stefndu Öskju h/f og Gunnars Árnasonar. Umboðsmaður stefnda Gunnars Einarssonar fékk nú frest til ritunar greinargerðar, er hann skilaði 18. nóvember 1965. Síðan fengu umboðsmenn stefnanda og stefnda Gunnars Einarssonar fimm sinnum framhaldsfresti til gagnaöflunar til 24. febrúar 1966.

Stefndi Gunnar Einarsson reisti vörn sína, að því er varðaði víxil þann, sem féll í gjalddaga 8. september 1964, á því, að framan við nafn útgefanda hafi verið ritað af öðrum en útgefanda „án afsagnar“. Hafi þessi áritun verið framkvæmd, eftir að bæði stefndi Gunnar Einarsson og útgefandi höfðu ritað nöfn sín á víxlinn. Leiddi þessi vörn m. ö. til þess, að stefnandi hvarf á dómsþingi, sem haldið var hinn 23. febrúar, frá kröfum sínum á hendur stefnda Gunnari Einarssyni vegna víxils þessa.

Stefndi Gunnar Einarsson reisti vörn sína í málinu, að því er varðaði víxil þann, sem féll í gjalddaga 17. ágúst 1964, á því, að útgefandi víxils þessa, Gunnar Árnason, hafi, eftir að stefndi Gunnar Einarsson ábakti víxlinn, ritað fyrir ofan nafn útgefanda orðin: „án afsagnar og tilkynningar“. Eftir að stefndi Gunnar Einarsson hafði á dómsþingi 23. febrúar 1966 gefið aðiljaskýrslu um þennan síðarnefnda víxil, gaf uniboðsmaður stefnda Gunnars Einarssonar út samdægurs í samráði við Björn Friðfinnsson, fulltrúa yfirborgardómarans í Reykjavík, sem með málið fór, áskorun til Gunnars Árnasonar um „að mæta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið verður í skrifstofum borgardómara að Laugavegi 13 í

Reykjavík föstudaginn 25. febrúar 1966, kl. 2 eftir hádegi, til þess að gefa skýrslu í framangreindu máli“. Í áskoruninni segir enn, að útivist stefnda Gunnars Árnasonar frá dómþinginu verði í málinu af hendi stefnda Gunnars Einarssonar túlkuð þannig, að stefndi Gunnar Árnason telji skýrslu stefnda Gunnars Einarssonar og kröfur í málinu réttar. Stefnuvottar birtu stefnda Gunnari Árnasyni sjálfum þessa áskorun fimmtudaginn 24. febrúar, kl. 1355. Þennan sama dag, 24. febrúar 1966, setur dómarafulltrúi, Björn Friðfinnsson, dómþing í málinu í samræmi við frestveitingu til 24. febrúar, er ákveðin hafði verið á dómþingi 10. febrúar. Dómþingið 24. febrúar sóttu af hendi stefnanda Bergur Bjarnason héraðsdómslögmaður og af hendi stefnda Gunnars Einarssonar Jóhann Steinason héraðsdómslögmaður. Á dómþinginu var gerð svofelld bókun: „Lögmennirnir fengu sameiginlegan framhaldsfrest til gagnaöflunar til 10. marz s.l.“ Kærandi máls þessa, Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, og Björn Friðfinnsson dómarafulltrúi eru sammála um, að þeir hafi rætt um dómþing það, sem dómarafulltrúinn hugðist halda 25. febrúar og Haukur Jónsson hæstaréttarlögmaður hafði stefnt Gunnari Árnasyni til, þá er Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður var staddur á skrifstofu dómarafulltrúans hinn 24. febrúar s. á. Kveðst kærandinn Sigurgeir hafa tjáð dómarafulltrúanum, að dómþingið hefði verið ákveðið án samráðs við sig, enda hefði hann, þ. e. Sigurgeir, lofað að vera líkmaður við jarðarför, sem fram ætti að fara á sama tíma og ákveðinn hafði verið til þinghaldsins. Kveður Sigurgeir Sigurjónsson, að fulltrúinn hafi þá lofað að fresta dómþinginu til kl. 1600 25. febrúar. Kveðst Sigurgeir Sigurjónsson að svo búnu hafa bringt til stefnda Gunnars Árnasonar og tjáð honum, að þinghaldinu væri frestað til kl. 1600 nefndan dag. Fulltrúinn, Björn Friðfinnsson, neitar því, að hann hafi lofað Sigurgeir Sigurjónssyni að fresta þinghaldinu. Hins vegar hafi Sigurgeir Sigurjónssyni verið heitið, „að Gunnar Árnason skyldi látinn „bíða“ til kl. 1600, svo að stefnanda gæfist kostur á að beina til hans spurningum“. Hinn 25. febrúar, kl. 1400, komu bæði

Björn Friðfinnsson fulltrúi og umboðsmaður stefnda Gunnars Einarssonar á þingstað. Hvorki stefndi Gunnar Árnason né stefnandi, Sigurgeir Sigurjónsson, voru þar komnir. Fulltrúinn hringdi þá til stefnda Gunnars Árnasonar að kröfu Hauks Jónssonar. Fór stefndi Gunnar Árnason þá til þinghaldsins að boði fulltrúans og gaf þar aðiljaskýrslu. Þar segir m. a.: „Mætti kveðst hafa skrifað orðin „án afsagnar og tilkynningar“ á vixilinn á dskj. nr. 2, en hann kveðst eigi hafa skrifað orðin „án afsagnar“ á vixilinn á dskj. 3. Mætti kveðst ekki muna, hvort hann hafi skrifað orðin „án afsagnar og tilkynningar“ á vixilinn á dskj. nr. 2 eða yfirleitt, hvort hann hafi útfyllt hann með nafni samþykkjanda og útgefanda áður eða eftir, að Gunnar Einarsson ábakti hann, en mætti kveður Gunnar oft hafa ábakið fyrir sig víxla, sem einungis hafi verið búið að útfylla með tölunum. Ýtarlega aðspurður kveðst mætti ekki geta gert sér nánari grein fyrir þessu. Mætti kveðst hafa greitt vixilinn á dskj. 3 í gær og hafi stefnandi tjáð sér, að hann mundi falla frá kröfum varðandi þann vixil.“

Kærandi máls þessa, Sigurgeir Sigurjónsson, telur, að með því að þinga í máli þessu án þess að láta hann vita fyrirfram um þinghaldið eða gefa honum kost á því að mæta eða láta mæta fyrir sína hönd hafi verið brotin ein megingrundvallarregla alls réttarfars, þ. e. reglan um jafnræði málsaðilja fyrir dómi (equality of arms). Björn Friðfinnsson dómarafulltrúi telur, að dómara sé ekki einungis heimilt, heldur í vissum tilvikum beinlínis skylt að taka við skýrslu aðilja, enda þótt gagnaðili hans sé ekki viðstaddur, sbr. 114. og 115. gr. laga nr. 85/1936.

Í bæjarþingsmáli því, sem hér er um að tefla, krafðist stefnandinn, Sigurgeir Sigurjónsson, samkvæmt víxli, útgefnum 17. júní 1964 til greiðslu 17. ágúst s. á., kr. 300.000.00 ásamt aukagjöldum á hendur samþykkjanda hans, Öskju h/f, útgefanda, Gunnari Árnasyni, og ábeking, Gunnari Einarssyni. Stefndi Askja h/f og stefndi Gunnar Árnason létu eigi svara til sakar af sinni hendi. Stefndi Gunnar Einarsson, sem telur stefnda Gunnar Árnason hafa ritað á vixilinn

orðin „án afsagnar og tilkynningar“, eftir að hann var ábakinn, stefnir samstefnda Gunnari Árnasyni til skýrslugjafar fyrir bæjarþing Reykjavíkur hinn 25. febrúar 1966, kl. 1400. Stefnandi málsins, Sigurgeir Sigurjónsson, var látinn vita um, að þinghaldið ætti fram að fara. Hann tjáðist eigi geta komið á dómþing, þar sem hann væri líkmaður við jarðarför, og telur, að dómarafulltrúinn hafi lofað að fresta þinghaldinu til kl. 1600. Björn Friðfinnsson dómarafulltrúi kveðst eigi hafa lofað að fresta dómþinginu, en hins vegar heitið því að halda framhaldsþinghald kl. 1600, þar sem stefnandinn, Sigurgeir Sigurjónsson, gæti framspurt stefnda Gunnar Árnason í tilefni af aðiljaskýrslu hans. Stendur hér staðhæfing gegn staðhæfingu. Ef umboðsmaður stefnda Gunnars Einarssonar hefði gefið út og látið birta stefnanda málsins, Sigurgeir Sigurjónssyni, stefnu til þinghaldsins 25. febrúar 1966, kl. 1400, eða málið þá verið fyrir tekið samkvæmt fyrri frestveitingu á dómþingi, hefði borgardómarafulltrúa, Birni Friðfinnssyni, verið rétt að heyja dómþingið á nefndum stað og tíma, svo sem hann gerði, enda hefði stefnanda, Sigurgeir Sigurjónssyni, þá eigi stoðað að réttlæta útivist sína með jarðarförinni. En að stefnanda, Sigurgeir Sigurjónssyni, fjarverandi og óstefndum lögmætri stefnu, bar dómarafulltrúa, Birni Friðfinnssyni, að neita um að heyja dómþingið kl. 1400 hinn 25. febrúar 1966. Verður því að finna að meðferð hans á málinu.

Yfirborgardómari, Hákon Guðmundsson, hefur ekkert aðhafzt í sambandi við mál þetta, er sæta eigi aðfinningu.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Um kærða dómsmeðferð Björns dómarafulltrúa Friðfinnssonar er vísað til framanritaðs.

Kæra á hendur Hákonu Guðmundssyni yfirborgardómara er eigi til greina tekin.

Kærumálskostnaður fellur niður.
